


Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík, 22. janúar 2014
Tilvísun: UST20140100121/bs

Breyting á leiðigarði við Markarfljót - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða lengingu leiðigarðs sem byggður var til bráðbirgða árið 2011. Vegna sandburðar er nú ráðgert að sá garður verði til frambúðar og til viðbótar verði garðurinn lengdur um 250 m til austurs. Við þessa framkvæmd mun ós Markarfljóts færast sem nemur lengd garðsins til austurs. Með þessari aðgerð er vonast til að sandburður að Landeyjarhöfn minnki.

Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á laxfiska í Markarfljóti.

Framkvæmdatími verður utan þess tíma sem laxfiskar eru á ferð milli sjávar og ferskvatns.

Áhrifa framkvæmdarinnar mun ekki gæta langt upp eftir farvegi Markarfljót vegna landhæða í og við ós Markarfljóts. Ekki er talið að framkvæmdin muni auka líkur á því að Markarfljót brjóti sér leið til austurs úr núverandi farvegi.

Efnisþörf í umrædda framkvæmd er talin vera um 33.000 m³. Þar af verða 23.000 m³ af sandi ýtt úr farvegi Markarfljóts en 10.000 m³ af grjóti verða teknir af grjótlager við Landeyjarhöfn. Sambærilegar framkvæmdir við ós Markarfljóts hafa reynst vera afturkræfar vegna rof máttar árinna og sjávarfalla neðst í farvegi fljótsins. Helstu áhrif framkvæmdarinnar verður færsla óssins til austurs eins og stefnt er að. Áhrifa framkvæmdarinnar mun einungis gæta neðst í farvegi Markarfljóts.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

A. Birna Gutt.

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur